

Umhverfisráðuneytið
Hugi Ólafsson
skrifstofustjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. september 2011
2011080010/42-0
TB
jgo/tb

Nýtingarleyfi á jarðhita í Skarðsdal, umsögn

Vísað er í bréf frá umhverfisráðuneytinu, dags. 23. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn RARIK ohf. um leyfi til nýtingar á jarðhita, 100 l/s, í Skarðsdal í Siglufirði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir innsend gögn um framangreint erindi. Ekki bárust upplýsingar um eða gögn sem varða matsskyldu framkvæmdarinnar, sbr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, en framkvæmdin var tilkynningarskyld og úrskurðaði Skipulagsstofnun framkvæmdina ekki matsskylda. Í matsskyldu ferli kom fram að helstu athugasemdir Umhverfisstofnunar vegna náttúrufars voru að aðveitupípa lægi um óraskað land þar sem er viðkvæmur gróður. Ekki kemur fram í úrskurði hvaða gróðurfarsgögn voru notuð við ákvörðun Skipulagsstofnunar eða hvort gerð var sérstök úttekt á fyrirhugaðri leið aðveitupíunnar s.s. vegna válistaplantna.

Skipulagsstofnun tók undir athugasemdir Umhverfisstofnunar um að reynt væri að leggja aðveitupíuna um raskað land bæði vegna gróðurs og sjónrænna áhrifa.

Á heimasíðu Fjallabyggðar var að finna greinargerð með tillögu til breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, umhverfisskýrslu dags. 5. maí 2011 (ekki hluti innsendra gagna), en þar er að finna nánari lýsingu á framkvæmdinni. Þar kemur m.a. fram að grafa á aðveitupíuna í jörðu og að ekki var gerð sérstök gróðurfarsúttekt. Ekki virðist (verklýsing frekar óljós í greinargerðinni) t.d. gert ráð fyrir að leggja veg meðfram aðveitupíunni.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við framangreinda nýtingu jarðhita í Skarðsdal. Stofnunin tekur undir að reynt verði að valda sem minnstu raski og legu aðveitupípu breytt sé þess kostur og þörf á. Náttúrufræðistofnun telur að nýta eigi efsta gróðurlagið til að hylja aftur lagnaleiðina í stað þess að fara í uppræðsluaðgerðir með gróðri sem kæmi jafnvel til að mynda línu í landinu. Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að kanna




lagnaleiðinna m.t.t. sjaldgæfra plantna og þá hvort ástæða sé til að hníka til lagnalínu finnist t.d. válistaplöntur.

Virðingarfallst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

